

Fundargerð 98. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
Fundur haldinn í innviðaráðuneytinu, 2. september 2024, kl. 13:00

Dagskrá:

- 1. Hlutverk og verkefni stýrihópsins**
- 2. Sóknaráætlanir landshluta. Núgildandi samningar og undirbúningur nýrra samninga**
- 3. Greinargerð stýrihópsins um framvindu sóknaráætlana 2023**
- 4. Haustfundir stýrihópsins og landshlutasamtakanna**
- 5. Byggðaaætlun**
- 6. Önnur mál**

Mætt: Hólmfríður Sveinsdóttir formaður (IRN), Ásta Bjarnadóttir (FOR), Baldur Þ. Guðmundsson (MVF), Bryndís Eiríksdóttir (MAR), Magnús Örn Agnesar Sigurðsson (URN), Sigríður Eysteinsdóttir (UTN), Sigurður Steingrímsson (HVIN), Valgerður Rún Benediktsdóttir (Sambandinu), og Sigríður K. Þorgrímsdóttir (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerðina.

Í fjarfundi: Anna Borgþórsdóttir Olsen (FJR), Eva Margrét Kristinsdóttir (FRN), Krístrún Friðriksdóttir (DMR), Þór Hauksson Reykdal (MRN), Albertína F. Elíasdóttir (landshlutasamtökunum) og Reinhard Reynisson (Byggðastofnun).

Fjarverandi: Margrét Erlendsdóttir (HRN).

Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál er skipaður af innviðaráðherra til þriggja ára í senn. Nýr stýrihópur hefur verið skipaður frá og með 1. ágúst sl. Fjórir nýir fulltrúar koma inn í hópinn, þ.e. fulltrúar FOR, HRN, HVIN og UTN.

Við upphaf fundar heilsaði Svandís Svavarsdóttir innviðaráðherra upp á hópinn og bauð fólk velkomið til starfa.

Formaður setti fundinn og, líkt og ráðherra, bauð hópinn velkominn til starfa. Áður en gengið var til boðaðrar dagskrár kynntu fundargestir sig fyrir hvert öðru.

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. Hlutverk og verkefni stýrihópsins

Farið var yfir hlutverk og verkefni stýrihópsins og hvatti formaður fulltrúa stýrihópsins til að hafa frumkvæði að því að setja mál á dagskrá. Formaður fór yfir forsöguna en stýrihópurinn á rætur að rekja til ársins 2012. Rætt var um fyrirkomulag fastra funda og samþykkt að halda óbreyttu, þ.e. kl. 13.00 fyrsta mánudag hvers mánaðar. Einnig var ákveðið að þó að um staðfundi verði að ræða þá verði þeir jafnframt í boði sem fjarfundir.

2. Sóknaráætlanir landshluta. Núgildandi samningar og undirbúningur nýrra samninga

Formaður rakti upphaf sóknaráætlana landshluta. Nú er unnið að nýjum samningum í öllum landshlutum en þeir núgildandi renna almennt út um áramótin. Formaður fór yfir drög að nýjum samningum og kynnti helstu breytingatillögur. Ræddir voru viðaukasamningar sem gerðir hafa verið og mögulegt er að gera á nýju samningstímabili. Stefnt er að undirritun samninga í nóvember.

3. Greinargerð stýrihópsins um framvindu sóknaráætlana 2023

Verkefnisstjóri kynnti drög að greinargerð sem áður hafði verið send á stýrihópinn til rýni. Nokkrar umræður og fyrirspurnir voru um þennan lið.

4. Haustfundir stýrihópsins og landshlutasamtakanna

Formaður og verkefnisstjóri kynntu hvernig þessum fundum hefur verið háttað og stöðu mála nú, en á þessu ári á að heimsækja Norðurland vestra, SSNV og höfuðborgarsvæðið SSH.

5. Byggðaáætlun

Formaður kynnti byggðaáætlun stuttlega og ræddi mikilvægi fulltrúa stýrihópsins hvað varðar mótun og framkvæmd áætlunarinnar.

6. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:19